1873.
26. febrúar.

## 10. Áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar til 31. desembermánaðar 1873, staðfest af konungi 26. dag febrúarmánaðar 1873 (á Íslenzku og Dönsku).

Christian hinn Níundi, o. s. frv.

Vora sèrlegu hylli!

Vèr veitum þèr hèrmeð allramildilegast vald til, ásamt með konungsbrèfi þessu, að láta kunngjöra almenningi áætlun þá, sem hèrmeð fylgir, um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmán. til 31. desembermán. 1873, sem gjörð er í dómsmálastjórn Vorri, og sem Vèr allramildilegast höfum staðfest.

Eptir þessu átt þú þèr þegnlega að hegða.

Felandi þig guði!

Ritað á Amalíuhöll, 26. dag febrúarmánaðar 1873.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

*Christian R.*

*C. S. Klein.*

Til
dómsmálaráðgjafa Vors.

## Áætlun

um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu fra 1. aprílmánaðar til 31. desembermánaðar 1873.

### Fyrsti kapítuli.

Tekjur.

Á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar til 31. desembermánaðar 1873 er ætlazt til að tekjur Íslands sè 85,943 rd. 6 sk., en þetta fè fæst með því móti, sem skýrt er frá í 2. til 4. gr.

2. grein.

1873. 26. febrúar.

þær tekjur, sem hèr skulu taldar, er ætlað að nemi 42,220 rd. 6 sk.:

| | | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|---|
| 1. | erfðafjárskattur og gjald af fasteignarsölum | | 1,180. | |
| 2. | gjöld fyrir leyfisbrèf og veitingabrèf | | 300. | |
| 3. | nafnbótaskattur | | 135. | |
| 4. | tekjur af lènssýslum | | 2,660. | |
| 5. | lögþingisskrifara laun | | 32. | 6 |
| 6. | tekjur af umboðssýslugjöldum | | 936. | |
| 7. | konungstíundir | | 3,400. | |
| 8. | lögmannstollur | | 340. | |
| 9. | gjöld af verzlun á Íslandi | 8,800 rd. | | |
| | gjöld af póstgufuskipinu | 852 — | | |
| | | | 9,652. | |
| 10. | gjald á brennivíni o. fl. | 10,000 rd. | | |
| | að frá dregnum inheimtulaunum, 2 af hundraði | 200 — | | |
| | | | 9,800. | |
| 11. | tekjur af konungsjörðum | 17,060 rd. | | |
| | að frá dregnum: umboðslaunum, prestsmötu, alþingistolli, o. fl. | 4,660 — | | |
| | | | 12,400. | |
| 12. | gjald uppí andvirði seldra jarða og fasteigna, og vextir af ógoldnu andvirði, sem hinar seldu eignir enn eru að veði fyrir: | | | |
| | a. vextir | 175 — | | |
| | b. borgun uppí andvirðið | 60 — | | |
| | | | 235. | |
| 13. | leigugjöld: | | | |
| | a. af Lundey | 83 rd. | | |
| | b. af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu | 270 — | | |
| | | | 353. | |
| 14. | afgjald af jörðunum Belgsholti og Belgholtskoti o. fl. | | 74. | |
| | yfir um | | 41,497. | 6 |

1873. 26. febrúar.

| | | rd. | sk |
|---|---|---|---|
| | handan að . . . | 41,497. | 6 |
| 15. | óvissar tekjur (hèr eru taldar með sektir samkvæmt hinum almennu hegningarlögum 25. júní 1869) . . . . . . . . . . . . . . . . | 500. | |
| 16. | leigur af hjálparsjóðnum . . . . . . . . . . . | 223. | |
| | samtals . . . | 42,220. | 6 |

3. grein.

Gjöld uppí lán og skyndilán verða talin uppá 7,075 rd.:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. uppí alþingiskostnað . . . . . . . . . . . . . . | | | 6,200. |
| 2. önnur endurgjöld: | | | |
| a. | uppí skyndilán útaf fjárkláðanum á Íslandi . . . . . . . . . . . . | 375 rd. | |
| b. | — lán til þess að byggja upp aptur kirkju Möðruvalla klausturs | 220 — | |
| c. | — lán til þess að afstýra hallæri í suður- og vesturumdæmi Íslands. . . . . . . . . . . . | 280 — | 875. |
| | samtals . . . | | 7,075. |

4. grein.

Tillag úr ríkissjóðnum samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871 verður talið 36,648 rd.:

| | |
|---|---|
| hið fasta tillag . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 22,500. |
| aukatillag . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 15,000. |
| | 37,500. |
| samkvæmt 6. grein laganna verður dregið frá . . . . | 852. |
| samtals . . . | 36,648. |

## Annar kapítuli.

### Útgjöld.

5. grein.

Á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar til 31. desembermánaðar 1873 er ætlað á, að útgjöld Íslands verði alls 85,943 rd. 6 sk. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem skýrt er frá í 6—11 gr.

6. grein.

1873. 26. febrúar.

Utgjöld, er snerta dómsmálastjórnina, eru talin að nemi 37,560 rd. 95 sk.

| | | | |
|---|---|---|---|
| A. 1. Laun embættismanna.... | 19,582 rd. | 8 sk. | |
| 2. viðbót, talin samkvæmt lögum 26. marzm. 1870, 9. gr... | 1,874 — | 32 - | |
| | | | 21,456. 40 |
| B. Skrifstofufè, o. s. frv.............. | | | 3,275. |
| C. Tillag til póststjórnarinnar á Íslandi....... | | | 1,142. 55 |
| D. Önnur útgjöld: | | | |
| 1. þóknun handa tveimur settum málafærslumönnum við landsyfirrèttinn.... | 375 rd. | | |
| 2. styrkur í notum spítalans, sem var fyrrum á Gufunesi | 72 — | | |
| 3. — til garðaræktar, o.s.frv. | 300 — | | |
| 4. — til útbýtingar á læknismeðölum handa fátæklingum..... | 300 — | | |
| 5. — handa hinu íslenzka bókmentafèlagi, til þess að gefa út skýrslur um landshagi á Íslandi....... | 300 — | | |
| 6. styrkur til þess að gefa út lagasafn fyrir Ísland.... | 933 — | 32sk | |
| 7. lán handa Reykjavíkur kaupstað og jafnaðarsjóð suðuramtsins, til þess að greiða þann hluta af kostnaðinum, sem fellur á kaupstaðinn og jafnaðarsjóðinn, við byggingu hegningarhúss í Reykjavík og fangelsis þess, sem því er sameinað | 7,406 — | 64 | |
| 8. styrkur handa amtmanni Bergi Thorberg, til þess að borga | | | |
| yfir um... | 9,687. | | 25,873. 95 |

1873. 26. febrúar.

| | rd. | rd. sk. |
|---|---|---|
| handan að . . . | 9,687 — | 25,873. 95 |
| með kostnaðinn við flutning hans frá Stykkishólmi til Reykjavíkur, til þess að taka við amtmannsembættinu yfir suður- og vesturumdæminu . . . . . | 2,000 — | |
| | | 11,687. |
| samtals . . . | | 37,560. 95 |

7. grein.

Útgjöld, er snerta kirkju- og kennslustjórnina, eru talin 21,134 rd. 56 sk.:

| | | rd. sk. |
|---|---|---|
| A. 1. Laun embættismanna . . . . . | 10,204 rd. 16 sk. | |
| 2. viðbót, talin samkvæmt lögum 26. marzm. 1870, 9. gr. . . | 1,383 — 64 - | |
| | | 11,587. 80 |
| B. 1. Fyrir umsjón (við skólann) . . . . . | 225 rd. | |
| 2. aðstoðarfè . . . . . . . . . . . . . . | 600 — | |
| 3. viðbót eptir kornverði . . . . . . . . | 120 — | |
| | | 945. |
| C. Önnur útgjöld: | | |
| I. Í þarfir andlegu stèttarinnar: | | |
| 1. til fátækustu brauða . . . . | 318 rd. 72 sk. | |
| 2. — nokkurra brauða í fyrveranda Hóla stipti . . . | 300 — | |
| 3. — prestsekkna og barna . | 400 — | |
| 4. styrkur handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum . . . . . . . . . . | 500 — | |
| 5. skrifstofufè handa biskupi . | 300 — | |
| | | 1,818. 72 |
| yfir um . . . | | 14,351. 56 |

1873. 26. febrúar.

| | | | rd. | sk. |
|---|---|---|---|---|
| handan að . . . | | | 14,351. | 56 |
| II. Í þarfir prestaskólans og hins lærða skóla: | | | | |
| til prestaskólans: | | | | |
| 1. fyrir húsrúm til prestaskólans | 250 rd. | | | |
| 2. húsaleiga handa 18 lærisveinum, 40 rd. handa hverjum | 720 — | | | |
| 3. til bókakaupa . . . . . . . | 112 — | 48 sk. | | |
| 4. — tímakennslu . . . . . . | 75 — | | | |
| 5. — ýmislegra útgjalda. . . | 75 — | | | |
| til hins lærða skóla: | | | | |
| 6. til bókakaupa . . . . . . . | 225 — | | | |
| 7. — eldiviðar og ljósa . . . | 562 — | 48 — | | |
| 8. — skólahússins utanstokks og innan . . . . . . . | 525 — | | | |
| 9. — tímakennslu . . . . . . | 397 — | 48 — | | |
| 10. ölmusur . . . . . . . . . . | 3,000 — | | | |
| 11. fyrir að semja reikninga — skólans . . . . . . . . | 75 — | | | |
| 12. — skrifstörf og útreikninga | 75 — | | | |
| 13. — prestsverk . . . . . . . | 18 — | | | |
| 14. þóknun handa lækni. . . . | 22 — | 48 — | | |
| 15. ýmisleg útgjöld . . . . . . | 450 — | | | |
| | | | 6,583. | |
| III. Til forngripasafnsins í Reykjavík . . . . . . . . | | | 200. | |
| samtals . . . | | | 21,134. | 56 |

8. grein.

Eptirlaun eru talin 8,500 rd.

9. grein.

Til kostnaðar við alþing eru ætlaðir 12,000 rd.

10. grein.

Til ýmislegra óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, eru ætlaðir 3,000 rd.

1873. 26. febrúar.

11. grein.

Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 3,747 rd. 47 sk., skal leggja til hjálparsjóðsins.[1]

---

27. febrúar.

## 11. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um tíundagjörð[2].

Um leið og vèr sendum yður, herra stiptamtmaður, nokkur exemplör af reglugjörð, 13. þ. m., sem hefir inni að halda nákvæmari ákvarðanir um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi, skal þess getið, að það hefir þótt ísjárvert, að taka í reglugjörðina ákvörðun þá, sem amtmaðurinn yfir vesturumdæminu hafði stungið uppá, og þèr fallizt á í brèfi yðar 26. júní f. á., að sýslumenn skuli á manntalsþingum láta að minnsta kosti einn skattmann vinna eið að því, að tíundagjörð hans sè rètt, en að öðru leyti hefir stjórnarráðinu fundizt það henta, að brýnt sè fyrir sýslumönnum, að hafa vandlega gætur á, hvort tíundagjörðir manna sè rèttar, og höfða málsókn, ef grunur verður um tíundasvik, og mælist stjórnarráðið til, að þèr segið tèðum embættismönnum fyrir um þetta, um leið og þèr útbýtið meðal þeirra reglugjörðinni.

---

27. febrúar.

## 12. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt allramildilegast 24. þ. m. að veita prestaskólakandídat Páli Ólafssyni leyfi til að láta vígjast til prests, jafnskjótt og hann sè orðinn 23 ára að aldri.

---

¹) Þær „skýrandi athugasemdir", sem fylgja áætlun þessari, voru prentaðar einungis á Dönsku, en eru íslenzkaðar í Skýrslum um landshagi á Íslandi V, 500—521, og þar við bætt nokkrum skýringum (sst. bls. 521—524).

²) Sama dag var hinum amtmönnunum skrifað á sömu leið.